

Heilbrigðisráðuneyti
Skógarhlíð 5
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. janúar 2021
2101761/9.4/khn

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Embætti landlæknis tekur undir þær áherslur sem liggja til grundvallar í áformum um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, það er, að nálgast málefni þeirra sem eiga í vanda vegna notkunar eða misnotkunar vímuefna með skaðaminnkun og mannréttindi að leiðarljósi. Enginn vafi leikur á því að málefni einstaklinga sem glíma við erfiðleika sökum neyslu eða misnotkunar vímuefna ber að nálgast fyrst og fremst sem heilbrigðisvanda.

Um leið vill embættið undirstrika að umfangsmiklar breytingar á málaflokknum kalla á heildræna nálgun og að erfitt geti verið að einblína á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á áhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum. Embættið leggur til að breytingar eins og þær sem koma fram í fyrnefndum áformum heilbrigðisráðuneytis verði ekki innleiddar nema sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri *Stefnu í áfengis- og vímuefnum* (rann út 2020) eða í nýrri stefnu.

Að lokum vill embættið taka fram að sérfræðingar þess eru reiðubúnir til að vera heilbrigðisráðuneyti til ráðgjafar um þessi áform.

Virðingarfyllst,

Kjartan Hreinn Njálsson
aðstoðarmaður landlæknis